

## Fjölskyldusport



„Sindri Snær Hjaltason með sinn fyrsta fisk“

Alveg síðan ég var lítill strákur höfum við pabbi haft áhuga á veiði. Ég ólst upp í Örebro í Svíþjóð, bær á stærð við Reykjavík, umvafinn litlum vötnum og ám. Þegar ég var í grunnskóla fórum við félagarnir út í litla á fyrir utan húsið hjá mér sem hét Lillán (Litla á), völdum okkur hríslu sem var þægilega bein og svo breyttum við henni í veiðistöng. Vöfðum girni í kringum endann á henni, lítið flotholt og öngul á endan. Við veiddum aðallega með deigi, einfaldlega vatn og hveiti sem við blönduðum saman og settum á krókinn. Við pabbi vorum oft saman í þessu og öðru hvoru fórum við í betri vötn og náðum okkur í fisk.

Þegar ég varð eldri hætti þetta að einhverju leiti en veiðidellan var samt alltaf til staðar. Þegar ég og pabbi fluttum svo til Íslands byrjuðum við að veiða mikið saman. Þetta hefur alltaf verið leið okkar feðgana að til að njóta samvista. Óáreittir, tveir með náttúrunni leysum við heimsins gátur og reynum að næla í stærri fisk en hinn. En aðallega er það samveran sem við báðir erum að leita að.

Á hverju sumri koma bræður mínir sem enn búa í Svíþjóð til Íslands til þess að veiða með okkur. Þarna erum við orðnir 4 og ég held að við séum eitt skæðasta veiðikombó sem hægt er að finna. Það eru fáir sem eru jafn kappsamir en samt yfirvegaðir í veiðiskapnum og við. Náttúran, samveran og adrenalínið knýr

okkur áfram í því að hittast árlega og veiða saman.

Fyrir 2 árum varð ég pabbi og fyrsta afmælisgjöfin sem ég keypti handa stráknum mínum var veiðistöng. Hann veiddi fyrsta fiskinn sinn í Reynisvatni á svartan nobbler (Sjá mynd). Það líður varla sá dagur á sumrin þar sem hann spyr mig hvort ég vilji ekki koma að veiða með sér. Við reynum að fara í einföld og skemmtileg vötn þar sem hann lærir af mér að umgangast náttúruna með mikilli virðingu. Alveg eins og pabbi minn gerði og gerir enn. Hann þælir mikið í hvernig best er að veiða fiskin, ná honum á land og hugsar svo strax um það hvernig á að ná í þann næsta.

Fyrir mér er nefnilega veiði fjölskyldusport. Þetta er tækifæri til þess að umgangast aðra, læra af hvorum öðrum og sjá hluti sem ekki eru sjálfgefnir í þeim heimi sem við lifum. Markmið mitt er að halda þessu áfram, kenna Sindra Snæ allt sem ég kann og sjá til þess að hann njóti þess eins lengi og hann getur og hefur áhuga á. Allt sem tengist þessu sporti, veiðileyfi, stengur og græjur verða að aukahlutum þegar maður lítur svona á þetta. Hegðun og framkoma við hvorn annan og náttúruna verður aðalatriðið. Og minningarnar sem endast okkur öllum að eilífu.

# Enn meira um Hlíðarvatn

Mig hefur langað að deila reynslu minni af Hlíðarvatni í Selvogi með félögum mínum í Ármönnum og hef ákveðið að skrifa greinarkorn í Áróður til að láta verða eitthvað úr því.

## „Skot“ á Mölinni í kringum 1980

Fyrst þegar ég fór, notaðist ég við flugu og flot með misjöfnum árangri en hafði þegar hér er komið sögu landað liðlega fjögurra punda bleikju á Botnavíkinni á Dentist tvíkrækju nr. 10. Mér þótti vatnið spennandi á þessum tíma en hafði sjaldan tíma til veiða. Mér bauðst þá að slást í hóp þriggja reyndra Ármanna og veiða seinnipart dags með þeim á Mölinni. Við fórum eftir vinnu og var mikil spennan í hópnum því ekki var öruggt að fiskur mundi koma. Í byrjun var ekkert að gerast svo ég ákvað að fara í Höfðann með Peter Ross og nýta mér að ég gat veitt lengra frá mér en þeir sem notuðu flugustangir. Fljótlega setti ég í fisk og svo annan án þess að neitt gerðist hjá þeim sem voru á sjálfri Mölinni. Greinilegt var að fiskurinn var á mikilli ferð inn á malarbotninn þarna en mér tókst að setja í þriðja fiskinn þegar eitthvað fór að gerast hjá hinum. Þá datt allt niður hjá mér. Þegar félagarnir voru búnir að jafna við mig ákvað ég að fara til þeirra. Þar krakaði ég upp einn en hinir voru búnir að stinga mig af. Það elti oftast hjá mér en tók aldrei og þegar fiskurinn var kominn á hnédjúpt vatn eða minna var allt í tjónum hjá mér. Karlarnir stóðu í ökkkladjúpu vatni og köstuðu með landinu og byrjuðu að strippa um leið og flugan lenti. Síðan tók fiskurinn að dýpka hratt á sér en þá datt veiðin niður hjá öllum en þá setti ég í fisk. Kolbeinn heitinn stóð næst mér og áttaði sig strax á hvað var að gerast og kastaði Peter Rossinum sínum eins langt út og hann gat og setti í einn, sem var síðasti fiskur túrsins og tíundi fiskurinn hans. – 33 stk í það heila og allir á Peter Ross. Í framhaldi af þessu ákvað ég að setja dálítið meiri alvöru í veiðiskapinn hjá mér og fá mér flugustöng og skipta líka yfir í einkrækjur í framhaldinu. Mér þótti ótækt að hafa minna gaman en aðrir þegar fiskurinn var



í „návígi“, því það var greinilega mikið skemmtilegra en það sem ég var vanur að gera. Það var eiginlega bara grútfúlt að þurfa að forðast fiskinn til að eiga möguleika á að fá eitthvað.

## Landkönnun síðasta sumar.

Síðan þetta var þá hef ég heimsótt Hlíðarvatn af og til en fór að stunda það reglulega fyrir fáeinum árum síðan. Eitt af svæðunum sem Ármenn stunduðu lítið var svæðið frá girðingu að Mosatanga en það svæði hafði dálítið óorð á sér vegna þess hversu smár fiskurinn þótti þar. Sama er að segja um svæði sem er kallað Skerin. Ég fór könnunarferð á Skerin í vor m.a. til að komsta að því hvernig aðstæður þar eru. Það svarar sjaldnast kostnaði að fara á það svæði. Í rauninni eru Skerin hryggir með rennum á milli og oftast er setbotn og gróður í rennunum milli þessara hryggja. Fram af Skerjunum er setbotn og dýpkar mjög hratt niður á setið en síðan er lítilsháttar halli á botnum í áttina að ströndinni frá girðingunni að Mosatanga. Mesta dýpið er nálægt ströndinni þar. Af þeirri ástæðu veiðast stærstu fiskarnir oftast mjög nálægt landi eða í pottinum fyrir framan Mosatangann. Margir klikka á því að halda að fiskurinn sé langt frá landi þarna en ef þokkalegur fiskur er þarna þá er líklegast að hann sé mjög nálægt landi. Sama er að segja um svæðið í Gömlu vör frá garði sem þar er og til vesturs. Þar ættu menn helst ekki að vaða því ef menn vaða langt og djúpt er líklegast að besti fiskurinn fari fyrir innan þá með landinu. Þá velja menn kanski smælkið og láta stærri fiskana bara vera.

## Mosatangi.

Hefðbundnu veiðisvæðin

Á svæðum sem liggja austar en þessi svæði er harður botn í stærra hlutverki. Þau svæði hafa verið meira stunduð og þau eru líklega mun vænlegri þegar kemur fram á sumarið og sérstaklega þegar fer að líða fram á haustið. Gróðurinn vestast í vatninu skemmir ánægju margra af því að veiða þar þegar kemur fram á sumar. Líklega safnast vænni fiskurinn meira á þessi hefðbundnu veiðisvæði, á Botnavíkina og í kringum hana og á hraunsvæðið að Innra nefinu og að Mölinni og Hlíðarey, þegar fer að líða á veiðitímabilið. Jafnan virðist fiskurinn leggjast dýpra og hreyfa sig minna þegar kalt er en þá er vænlegast að fara í botninn og á dýpri staði. Skemmtilegasta veiðin í Hlíðarvatni er þó þegar fiskurinn lyftir sér í vatninu og fer á mikilli ferð um vatnið í æti. Það að hitta í slíkar aðstæður getur gefið svo skemmtilega veiði að hún tekur allri veiði fram, hvar sem er ef vel tekst til og ef svolítil heppni hjálpar til. Þá geta þessar gömlu „standard kúlulausu“ flugur eins og Alder, Peter Ross, Royal Coatsman, Dentist, Alexandra o.fl. gefið góðan árangur og stærdir 10 og 8 geta gefið besta árangurinn. Fyrir nokkrum árum gaf t.d. „standard“ Royal Coatsman nr. 10 mér fimm fiska í hverju kasti í Austurnesinu. Stundum velja stórar flugur líka stærri fiska ef þessir litlu festast illa á þeim. Í þessu gildir að vera á réttum stað á réttum tíma með rétta agnið. Einnig getur fiskurinn verið vandlátur og kröfuharður en þá gildir kanski að líkja eftir því sem hann er að eta. Það getur verið pirrandi ef fiskurinn vill ekkert nema ef vera skyldi tökuvarann eða hnútana. Þá gildir bara að vera þolinmóður og hugmyndaríkur og prófa sem flest þangað til

**JOAKIM'S**  
**MED NÁNAST ALLT Í FLUGUVEIÐINA**  
STANGIR, HJÓL OG LÍNUR  
KRÓKAR OG KÚLUR Í SILUNGAFLUGUR. KEILUR OG FLASHABOU.  
FLUGU BOX, HÁFAR OG ÖNDUNARVÖBLUR  
ALLTAF GOTT VERÐ  
WWW.JOAKIMS.IS | SÍMI 698-4651





eitthvað finnst sem dyntótum vatnabúunum líkar við. Við slíkar aðstæður gefur þolinmæði og hugmyndaauðgi stundum ríkulega umbun, því lausnin getur gefið góða veiði og spræka fiska, kanski á einhvað sem er lítið stærra en hnútar á veiðarfærum laxveiðimanna sem eru að veiða annars staðar á sama tíma.

#### Veiðisagan

Í öðrum veiðitúr síðasta sumars gekk brösulega. Þá var lagst í landvinninga og farið á Skerin. – Í smælki. – Á annan tug titta sem náðu ekki í 0.2 flokkinn. Allir á nr. 10 og engin leið að hrista þá af. Því var brugðið á það ráð að ganga snemma til náða. Við vöknudum fyrir sex. – Til að pissa, en ákváðum að klára Réttina og sjá svo til með framhaldið. Þar var einn trölfi alveg uppi í harðalandi en hann styggdist og fór þegar við sáum hann. Þá var brugðið á það ráð að kasta fyrir hann og eftir nokkrar mínúndur fundum við hann aftur. Að lokum fékkst hann til að taka og var landað eftir hetjulega baráttu. Þetta var vænn, en fremur horaður hængur sem vóg sex pund. Ekki urðum við meira varir þarna og héldum því í hús, í morgunmat því klukkan var að verða átta. Eftir góða pásu var farið í Hlíðarey en túrnum lauk á Djúpanefinu en það gaf nokkra 1.0 fiska, en sá stærsti var fimm pund. Okkur þótti skondið að taka

tittina á nr. 10 og þora ekki að nota stærra. Þegar „Kg +“ var í boði var notað nr. 14. og þá þótti ástæða til að nota minna. – Svona er Hlíðarvatn. Það kemur alltaf á óvart.

#### Lokaorð

Frelsið og náttúrufergurðinn við Hlíðarvatn og lífríkið kringum vatnið er alltaf bónus hvernig sem veiðist og hvernig sem viðrar. Í mínum huga eru hefðirnar sem hafa myndast um Hlíðarvatn svona eins og sementið er í steypunni fyrir Ármenn. Það heldur öllu hinu í félaginu sem er skemmtilegt líka, saman. Í „denn“ var talað um „skot“ í Hlíðarvatni. Árangur veiðihópanna gat falist í að finna sem flest „skot“, en stundum var auka atriði hversu mikið kom úr hverju „skoti“. Stundum var hægt að keppa um hver náði besta „skotinu“ í hverju holti. Lítið gat líka verið í boði en þá þurfti að leggjast undir feld og kafa í reynslubankann til að ná að minnsta kosti einu kvikindi. Félagsskapurinn, viðfangsefnið og náttúran gátu svo verið uppspretta veiðisagna og góðra minninga allan veturinn í þessu ágæta félagi. Vonandi fer Hlíðarvatnið í fyrra horf þegar hitasveifla er í rénun og flunðran hættir að éta hrogn og seiði og keppir ekki lengur um ætið í vatninu við tegundirnar sem voru þar fyrir.

#821 Haraldur

**Scott**  
flugustangir

SÖLUSTADIR:  
Krafla  
Veiðflugur og  
Veiðiportíð í Reykjavík,  
Flugukofinn í Keflavík  
og Veiðvörur.is á Akureyri

# Landssamband Stangaveiðifélaga hefur sent Sigurði Inga Jóhannssyni, Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra svohljóðandi bréf, þann 20. apríl.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra  
Sigurður Ingi Jóhannsson  
Skúlagötu 4  
150 Reykjavík

Reykjavík 20. apríl 2015

Málefni: Eldi á norskum eldislaxi við strendur landsins

Landssamband stangaveiðifélaga (LS) vill með bréfi þessu koma á framfæri sjónarmiðum sínum varðandi dreifingu norskra laxastofna hér á landi, meðal annars vegna fyrirhugaðs laxeldis í Ísafjarðardjúpi og Eyjafirði.

Þann 24. mars 2015 sendi Landssamband veiðifélaga þér bréf þar sem gerð er krafa um að lokað verði fyrir eldi á norskum eldislaxi í Eyjafirði og Ísafjarðardjúpi. Í bréfinu er vísað til samkomulags frá október 1988 sem stjórnvöld og allir hagsmunaaðilar stóðu að með undirritun sinni. Landssamband stangaveiðifélaga var aðili að þessu samkomulagi og tekur undir allar kröfur Landssambands veiðifélaga sem fram koma í bréfi þeirra. Landssamband stangaveiðifélaga krefst þess að samkomulagið verði virt og að Eyjafirði og Ísafjarðardjúpi verði lokað fyrir eldi á laxi af norskum uppruna.

Nýlegt dæmi þar sem laxar sluppu úr kvíum á Vestfjörðum og veiddust í Patreksfirði í júlí 2014 sýnir að lítið má út af bregða ef ekki á illa að fara. Skýrsla Veiðimálastofnunar frá því í september sama ár staðfestir að þeir tugir laxar sem voru rannsakaðir voru allir með nokkuð þroskaða kynkirtla og virðast flestir hafa stefnt á hrygningu það haustið. Þetta eru váleg tíðindi, ekki þarf að fjölyrða um afleiðingarnar ef kynblöndun norskra eldislaxa og íslenska laxastofnsins yrði að veruleika. Fjöldi laxa sem sluppu í þessu tilfelli eru á reiki, ekki er loku fyrir það skotið að þeir skipti þúsundum og eigi jafnvel eftir að sjást á svipuðum slóðum í sumar.

Oft er sagt að náttúran eigi að njóta vafans, það á svo sannarlega við í þessu efni. Við gerum þá lágmarkskröfu til stjórnvalda að ráðuneytið virði það samkomulag sem við stóðum að í góðri trú og fulltrúi ráðuneytisins undirritaði ásamt öllum hagsmunaaðilum. Með lokun þeirra svæða sem að framan greinir fyrir eldi á frjóum norskum laxi er stigið skref í þá átt að vernda íslenska laxastofna. Sú skylda hvílir lögum samkvæmt einnig á stjórnvöldum.

F.h. Landssambands stangaveiðifélaga  
Viktor Guðmundsson formaður LS

(Samkomulagið sem vísað er í má finna í frétt um málið sem birtist á [www.armenn.is](http://www.armenn.is))



# Minning um mann

Þann 14. maí síðastliðinn lést Árnaðurinn Jón Þ. Ísaksson, félagi #246, 88 ára að aldri. Stjórn Ármanna vill senda fjölskyldu, vinum og veiðifélögum hans samúðarkveðjur um leið og við kveðjum sannan Ármann og þökkum fyrir allar samverustundirnar.

Jón var iðinn og duglegur veiðimaður. Hann hélt mikla trygð við Hlíðarvatn í Selvogi og fór í ófáa túra austur í Grenlæk. Tók mikinn þátt í starfi félagsins á árum áður. Ritnefnd minnst þess að þegar á Þorrablótið var komið, þá sat Jón alltaf við hlið konu sinnar á sama stað við sama borð - stutt frá þorramatnum. Þetta hefur eflaust verið þaul hugsað hjá kallinum því að silungurinn hegðar sér eins, kemur sér fyrir þar sem stutt er í fæðuframboð. Blessuð sé minning Jóns Þ. Ísakssonar.



# Hlíðarvatnshreinsunin



Hlíðarvatnshreinsunin fór fram þetta árið líkt og önnur nema minna var gert vegna veðurs. Annsi kalt var á okkur og slepptum við því allri málningavinnu. Til stendur þó að fara í hana þegar um hægist og lausu dagarnir verða nýttir í það í sumar. En almenn strandhreinsun var framkvæmd með góðum árangri. Farið var í frágang á suðurglugganum en skipt hafði verið um hann á sumardaginn fyrsta vegna fúa. Svo var það kjötsúpan hans Stebba sem kom aftur hita í menn og fóru sumir að kanna hvort að fiskur væri í vatninu. Og það er fiskur í vatninu.

Fyrstu dagarnir hafa verið kaldir, nokkurt næturfrost og norðan-áttir en menn ótrúlega duglegir að reyna að kroppa upp fisk. Þeir fiska sem róa segir einhversstaðar og það er rétt. Og munum eftir því að skrá allan fisk í bókina - þe. veiddan fisk.



# Vorblót



Vorblótið var haldið með pomp og prakt þann 18. apríl. Húsfyllir var að venju og má fullyrða að sjaldan eða aldrei hafi vinningarnir í happdrættinu vinsæla verið jafn margir og glæsilegir. Húsnefndin sem hefur veg og vanda af vorblótinu stóð sig með stakri þrýði í að afla vinninga og drekkhlaða veisluborð af alls kyns kræsingum.

Á hún ásamt öllum þeim sem að þessari samkomu stóðu bestu þakkir skildar. Óli stóð sig svo eins hans er von og vísa við að

stjórna samkomunni. Gaman var að sjá að ungir og upprennandi Ármenn voru duglegir að sópa að sér vinningum, sem féll misvel í skapið á gömlu skörfunum sem bráðvantaði enn einn frauðplastkassann eða enn eitt fluguboxið, flest fórum við þó sátt heim eftir góðann dag. Stjórnin og Húsnefndin vill einnig þakka þeim sem gáfu vinninga en án þeirra væri þetta ekki hægt.





# Flóamarkaður



Þann 15. apríl héldum við Ármenn Flóamarkað þar sem öllum var boðið að mæta með það sem hætt er að nýtast þeim en nýst gæti öðrum. Þrusufin mæting og var húsfyllir eins og oftast nú í vetur. Skemmtileg stemning myndaðist og munum við örugglega halda slíkan gjörning aftur að ári. Okkur Ármönnum tókst amk. að grynka allverulega á hnytingarefni sem og laxaslöngum sem bornar voru út í bílförum.



## Framvatnaferð Ármanna

### Til stendur að fara í hina árlegu Framvatnaferð Ármanna þetta árið

Eitthvað verðum við þó að vera viðbúnir að vegsamgöngur geti sett strik í reikninginn líkt og áður en meistarinn Guðmundur Haukur hefur fengið gistingu fyrir okkur í Landmannahelli í tvennu lagi.

Fyrri ferðin verður farin mánudaginn 15. júní fram á þjóðhátíðardag og seinni ferðin 19.- 21. júní en það er Jónsmessuhelgin. Þetta ræðst síðan vitaskuld af færð og leyfi Vegagerðarinnar. Þetta mögulega tvístrar hópnum en mjög góð veiði getur einnig átt sér stað í miðri viku!

Okkur verður séð fyrir húsi í báðum ferðunum og verður Guðmundur Haukur á staðnum og dælir úr viskubrunni sínum. Besta og þéttasta veiðin er um og eftir miðjan júní og bullandi fiskur um allt. Þessar ferðir eru því mjög fjölskylduvænar. Það er ekki hægt að vera fisklaus þegar fiskurinn er í brjáluðu stuði að ná sér í far til Reykjavíkur.

# Pakkarlisti

Vesturröst  
Vélar og verkfæri  
Árvík  
WURTH  
Flugur og Skröksögur  
Veidihornið  
Smurstöðin Fosshálsi  
Joakim's  
Veidiportið  
Veidikortið  
Samhentir – umbúðalausnir  
Advania  
Strengir – veiðipjónusta  
Krafla  
Gallerí flugur  
I. Guðmundsson ehf.  
Promens

Reykofninn hf.  
Veidiflugur  
Veidisport  
Sel í Grímsnesi  
Lax-á  
Oddastaðavatn – Einar Sigfússon  
Pro Gastro  
Útilíf  
Jói Fel  
Hnýtararnir og Ármennirnir  
Stefán B. Hjaltested  
Þorsteinn Þorsteinsson  
Hjörtur Oddsson  
Hjálmar Sæbergsson  
gáfu box með handhnýttum  
gæðaflugum



 **WÜRTH**

Wurth á Íslandi ehf.  
wurth@wurth.is  
www.wurth.is  
Sími: 530 2000

*3 verslanir*

Vesturhrauni 5  
210 Garðabæ  
Bildshöfða 16  
110 Reykjavík  
Freyjunesi 4  
603 Akureyri

**ARMENN**  
Landsfélag um þjóðlega náttúruvernd og stangveiði með flugu

Árósum, Dugguvogi 13, 104 Reykjavík, sími 568 6051  
Ritstjórn og ábyrgð: Garðar Þór Magnússon og Eiríkur Stefánsson  
Umbrot: Dagur Jónsson. Prentun: Prentsmiðjan Guðjón Ó. www.armenn.is / armenn@armenn.is